

Ákvörðun nr. 2/2022
Þriðjudagur, 22. febrúar 2022

Kaup Hreinsitækni ehf. á Snóki þjónustu ehf.

1. Þann 24. janúar 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Hreinsitækni ehf. (hér eftir „Hreinsitækni“) á öllu hlutafé í Snóki þjónustu ehf. (hér eftir „Snókur“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 25. janúar 2022. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og átti samtöl við hagsmunaaðila.
2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Hreinsitækni starfar á sviði sópunar og þvotta á gatnakerfum og gönguleiðum. Þá veitir félagið þjónustu á sviði holræsahreinsunar og tengdrar þjónustu, smölun á úrgangsolíu og fóðrun skólplagna. Hreinsitækni býr yfir þekkingu og tækjum til að geta boðið einstaklingum, fyrirtækjum, sveitar- og bæjarfélögum heildarlausnir í þjónustu á fráveitukerfum og hreinsun á gatna- og gönguleiðum. Hreinsitækni er með starfsstöðvar í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og á Selfossi.
 - Hreinsitækni er í 100% eigu TF II A ehf. Félagið TFII slhf. á 85,6% hlutafjár í félaginu TF II A ehf., Jón Þór Gunnarsson á 7,22% og Rögnvaldur Guðmundsson 7,22%.
 - Hreinsitækni er eigandi 100% hlutafjár í félaginu Varnir og eftirlit ehf. sem sér um þjónustu við meindýravarnir. Þá yfirtók Hreinsitækni nýlega félögin Stíflubjónusta Suðurlands ehf. og Bólholt ehf., en þau félög hafa verið sameinuð rekstri Hreinsitækni.
 - b) Tilgangur Snóks er að sinna þjónustu við fyrirtæki í orkusæknum iðnaði. Þjónustan nær til að mynda til umskipunar, innri flutninga, vélþjónustu, flutninga iðnaðarþrifa og ræstinga. Snókur sinnir fjölbættri þjónustu fyrir afar þröngan hóp viðskiptavina. Viðtæk þekking fyrirtækisins á þörfum og ferlum í stóriðju skapar því ákveðna sérstöðu. Snókur er með starfsstöðvar annars vegar á Grundartanga vegna þjónustu við Elkem Ísland ehf. og hins vegar í Straumsvík vegna þjónustu við Rio Tinto á Íslandi hf.
 - Snókur eignarhaldsfélag ehf. er eigandi 80% hlutafjár í Snóki og Snókur ehf. er eigandi 20% hlutafjár í félaginu.
 - Snókur fer ekki með yfirráð yfir öðru félagi.
3. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt að starfsemi þeirra skarist lítið sem ekkert. Eftir samrunann munu meginumsvif Hreinsitækni og Snóks einkum vera á þremur sviðum, þ.e. þjónustu við samgöngukerfi, skólperfi og stóriðju. Snókur starfar einkum í þjónustu við stóriðju, en Hreinsitækni hefur eingöngu í litlum mæli tekið að sér tilfallandi verkefni á því sviði sem



fyrirtækið hefur sinnt með stöðluðum lausnum sínum og þá fyrir aðra aðila í stóriðju en Snókur sinnir. Eina tækið sem félögin veita þjónustu á með sömu virkni er svokallaður þurrsugubíll. Þurrsugubíll Snóks starfar einungis fyrir Rio Tinto á Íslandi hf., en tæki Hreinsitækni vinna við þau verkefni sem bjóðast, og sinna aðallega útköllum og neyðarþjónustu. Að mati samrunaaðila er eina þjónustan sem Hreinsitækni og Snókur veita bæði hreinsun með þurrsugum. Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins fyrst og fremst Ísland, en viðskipti og starfsemi samrunaaðila sé þó svæðisbundin innanlands.

4. Samkeppniseftirlitinu barst ein umsögn frá keppinaut Hreinsitækni þar sem lýst var yfir áhyggjum yfir því að Hreinsitækni hefði keypt önnur fyrirtæki á markaði sem fyrirtækið starfar á og ef Hreinsitækni héldi áfram að renna saman við félög á markaðnum næði félagið yfirgnæfandi markaðsráðandi stöðu sem myndi hindra samkeppni. Í ákvörðun nr. 41/2017, *Samruni TFII slhf. og Hreinsitækni ehf.*¹ var m.a. fjallað um sterka stöðu fyrirtækisins. Við rannsókn á þeim samruna kom í ljós að tilteknir minnihlutahluthafar í helsta keppinauti Hreinsitækni, Gámabjónustunni, voru einnig hluthafar í Hreinsitækni. Í ákvörðuninni kom fram að samkeppnisbrestir geti verið fólgnir í minnihlutaeign sama hluthafa í fleiri en einum keppinauti á sama markaði. Í þeirri ákvörðun þótti Samkeppniseftirlitinu því nauðsynlegt að setja samrunanum skilyrði sem ætlað var að tryggja tiltekna meðferð á trúnaðarupplýsingum gagnvart þeim aðilum sem áttu hluti í öðrum fyrirtækjum sem störfuðu á sama samkeppnismarkaðnum. Þá gekkst TFII einnig undir skilyrði og sátt við Samkeppniseftirlitið vegna slíkra eignatengsla minnihlutahluthafa, við kaup á Hringrás ehf. og HP gámum ehf., sbr. ákvörðun nr. 15/2021, *Samruni TFII slhf., Hringrásar ehf. og HP gáma ehf.*² Áréttar Samkeppniseftirlitið að skilyrðin eru enn í gildi.
5. Aðrir keppinautar samrunaaðila sem rætt var við höfðu ekki áhyggjur af samrunanum og töldu samkeppnisleg áhrif hans óveruleg, ef einhver. Í þessu máli er ljóst að samruninn leiðir ekki til samþjöppunar á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif hans óveruleg enda starfa þeir að miklu leyti á ótengdum mörkuðum. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð

„Kaup Hreinsitækni ehf. á Snóki þjónustu ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ Ákvörðun nr. 41/2017, *Samruni TFII slhf. og Hreinsitækni ehf.* https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2017/Akvordun_41_2017_Samruni-TFII-slhf-og-Hreinsitaekni-ehf..pdf

² Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2021, *Samruni TFII slhf., Hringrásar ehf. og HP gáma ehf.* <https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2021/Akvordun-15-2021.pdf>